

Handbók um hjólhýsi er hægt að finna á www.vikurverk.is

Ábyrgðarskilmálar Víkurverks og ábendingar um umgengni ferðavagna

Ferðavagnar eru léttbyggðir vagnar sem ber að ganga um af virðingu í alla staði. Hér eru listaðar upp nokkrar ábendingar til að forðast skemmdir og kostnað vegna lélegs viðhalds og frágangs.

Frágangur að utan

Gluggar og lúgur

Þegar vagninn er á ferð er nauðsynlegt er að loka öllum lúgum, gluggum og hurðum alveg niður að þéttlistum þannig að ekki geti komist vindur inn með þeim og fokið upp. Það er ekki í lagi að aka með glugga eða lúgur læsta í næturstillingu. Einnig þarf að passa að sólskyggni sé kyrfilega lokað áður en farið er af stað.

Ljósabúnaður

Nauðsynlegt er að yfirfara allan ljósabúnað áður en haldið er af stað í ferð með því að sjá virkni allra ljósa og skipta þá um perur ef einhverjar eru sprungnar og lagfæra ef um aðrar bilanir er að ræða í rafkerfi vagnsins. Einnig þarf að fylgjast með 7 og 13 pinna tengi eftirvagna þar sem það á til að falla á þau spansgræna.

Gas

Aldrei má aka með opinn gaskút. Festa þarf kyrfilega gaskúta í þar til gerða gasgeymslu á vagninum. Aldrei má loka fyrir útöndun gasgeymslunnar þar sem öndun út úr botni hennar er nauðsynleg ef upp kemur gasleki. Geymið aldrei eldfim efni í gasgeymslu vagnsins.

Burðargeta og rétt hleðsla á munum í tækið

Nauðsynlegt er að hlaða vagninn aldrei umfram það sem framleiðandi gefur upp í hámarksþyngd. Jafnframt er nauðsynlegt að fylgja eftir fyrirmælum framleiðanda um það hvernig hlaða skuli vagninn þannig að þyngdin hvíli á burðarásunum tækisins. Hleðslugeta vagna er mjög mismunandi, burðargeta er mismunurinn á eiginþyngd og heildarþyngd tækisins. Bæta þarf þyngd alls aukabúnaðar við eiginþyngd vagnsins fyrir frádrátt þannig að rétt burðargeta reiknist út.

Hjólbarðar.

Mæla þarf loftþrýsting í hjólbörðum og hafa hann réttan skv. fyrirmælum framleiðanda. Fylgjast þarf með slit hjólbarða og þá sér í lagi missliti þar sem það getur orsakast af

röngum loftþrýstingi hægt er að sjá á límmiða inn í gashólf sem segir til um réttan loftþrýsting. Einnig getur rangt hjólamillibil orsakað misslit, ekki er óalgennt að hjólamillibil breytist við notkun vagnsins og er því nauðsynlegt að fylgjast sérstaklega vel með því.

Bremsukerfi

Fylgjast þarf reglulega með bremsukerfi vagna og þá sérstaklega eftir vetrarstöður þar sem bremsubúnaður á það til að festast við lángrandi notkunarleysi. Vera þarf viss um að handbremsan taki á þegar hún er sett á og vagninn renni ekki undan eiginn þunga. Í dráttarbeisli flestra ferðavagna í dag eru þrýsti bremsur innbyggðar og til þess að viðhalda þeim þarf að smyrja í smurkoppa á beislinu eins og gefið er upp í handbók framleiðanda. Fylgjast þarf með hvort hemlakraftur sé jafn og að neyðarvír fyrir handbremsu sé í góðu lagi.

Undirvagn

Undirvagn ferðavagns þarfnast viðhalds eins og aðrir hlutar þess. Það þarf að smyrja stöðuleikatjakka með teflonfeiti. Einnig þarf að hreinsa upp samskeiti á botnplötu og tjörubera ásamt öllum heftum og festingum undir vagninum. Jafnframt þarf að aðgæta með opið í kringum miðstöðina þannig að ekki komist þar inn óboðnir gestir. Ef ALDE kerfi er í vagninum þá þarf að fylgjast með púðum yfir flóðgötum að framan og aftan þannig að þeir losni ekki af þar sem þeir eru viðkvæmir fyrir utanaðkomandi hnjaski. Komi til þess að púðarnir losni þá eiga t.d. mýs greiða leið inn í vagninn.

Það þarf að fylgjast með burðargrind vagnsins verði hún fyrir hnjaski því þá getur hún auðveldlega misst styrk sinn. Einnig þarf að hreinsa upp og loka skemmdum sem geta komið á galvanhúð grindarinnar og fylgjast þarf með dempurum og fjöðrun vagnsins. Smyrja þarf í hjólabúnað þar sem það á við.

Þrif á ytra byrði vagnsins

Kostnaður vegna notkunar á röngum efnum eða vegna rangrar meðhöndlunar getur verið umtalsverður og auðvelt er að komast hjá honum. Nauðsynlegt er að nota einungis þar til gerð mild efni (viðurkennd efni) við þrif á vagninum þar sem sum hreinsiefni geta mögulega skemmt plastið í topplúgum og gluggum vagnanna og geta einnig valdið tæringu. Passa þarf sérstaklega að nudda ekki glugga vagnsins fast með kústi eða öðrum hreinsitækjum þar sem plastið í þeim getur rispast auðveldlega.

Viðhald og eftirlit á ytra byrði vagnsins

Nauðsynlegt að rakmæla öll samskeyti og þéttingar á vagninum reglulega til þess að koma í veg fyrir rakaskemmdir sem koma sjaldnast fram fyrr en of seint. Auðvelt getur reynst að stoppa leka sem ekki er sjáanlegur en kemur fram við rakamælingu.

Frágangur innandyra

Í efri skápa skal ekki setja þunga hluti þar sem þeir hækka þyngdarpunkt vagnsins og geta valdið skemmdum á borðplötum og innréttingum ef þeir falla úr skápunum. Gott er að setja stamdúk í skápana þannig að hlutir sem eru í skápunum hreyfast síður við akstur. Oftar en ekki þarf að stilla skápalæsingar og lamir eftir að farið er að nota vagnana eftir nýskráningu.

Glerhlutir og sjónvarpsskjár

Glerhluti þarf að fjarlægja úr skápum og koma fyrir að öruggum stað áður en ekið er af stað. Taka þarf niður sjónvarpsskjá af armi eða af hillu sem og lausa hluti og ganga kyrfilega frá áður en ekið er af stað.

Neðri skápar

Neðri skápa skal hlaða með þyngri hlutum til þess að lækka þyngdarpunkt vagnsins.

Ísskápur og frystihólf

Gott er að setja læsinguna á þannig að hurðin á ísskápnum opnast ekki á ferð. Á milli ferðalaga er ráðlagt að hafa ísskápinn opinn þannig að hann andi og ekki komi vond lykt í honum,

Borð og fellikojur

Öll borð í vagninum þarf að fella niður í akstursstillingu og festa kyrfilega áður en ekið er af stað. Allar fellikojur þarf að seta í læsta stöðu áður en ekið er af stað.

Eldavélar

Slökkva skal á eldavélum áður en ekið er af stað og eldavélar með loki eiga að vera lokaðar.

Vaskar og blöndunartæki

Tæma skal vaska og loka fyrir blöndunartæki áður en ekið er af stað.

Rafmagn

Góð regla er að slökkva öll ljós á sínum eigin rofum eða slökkva á 12v höfuðrofanum áður en ekið er af stað þannig að allur straumurinn fari af ljósakerfi vagnsins ella getur



hann orðið rafmagnslaus eftir akstur. Passa þarf að taka 220V tengið úr sambandi við vagninn áður en lagt er af stað.

Rennihurðar

Festingar fyrir rennihurðar eiga til að losna þannig að ráðlagt er að setja svampa eða tuskur á milli hurðar og þils til að stífa af hurðina af svo að hún losni ekki, fari úr brautinni og skemmi ef til vill innréttingar.

Lausamunir

Aldrei skal skilja eftir lausamuni í vagninum á ferð sem geta farið af stað við nauðhæmlun og geta valdið gríðalegu tjóni.

Ábyrgðaskilmálar

Víkurverk ehf. veitir kaupanda TVEGGJA ÁRA ÁBYRGÐ og HOBBY hjólhýsum frá árg 2018 TVEGGJA + 1 ÁR frá tilgreindum afgreiðslutíma. Nauðsynlegt er að koma með vagninn í þjónustusköðun innan tveggja ára frá afhendingu til að viðhalda ábyrgð. Ábyrgðin er fólgin í viðgerð eða endurnýjun á hverjum þeim hluta sem áfátt kann að vera enda bendi líkur til þess að um framleiðslu- eða efnisgalla sé að ræða. Komi til þess að innréttingar losni í vögnum má nær undantekningarlaust rekja það til óhapps í akstri eða holóttra vega og er það ekki bætt af framleiðanda. Ábyrgð nær til efnis og vinnulauna vegna viðgerða sem rekja má til verksmiðugalla. Kaupandi ber sjálfur kostnað af tilkynningu um bilun svo sem símakostnað og annan slíkan.

Sé bilaður vagn utan byggðarlags Víkurverks ehf. skal kaupandi bera það undir Víkurverk ehf. hvort koma skuli því til viðgerðar hjá seljenda eða kveðja til nærstaddan viðgerðarmann. Vinnulaun og ferðakostnað viðgerðarmanns að hámarki 15 km greiðir Víkurverk ehf. eftir sundurliðuðum fullgildum reikningi viðgerðarmanns. Á viðgerðarreikningi skulu eftirfarandi atriði koma fram:

Skráningarnúmer vagnsins. Viðgerðardagur, fjöldi vinnustunda og nákvæm lýsing á bilanagreiningu framkvæmdri viðgerð. Ábyrgðin nær ekki til bilana sem framleiðanda eða Víkurverk ehf. verður eigi um kennt, svo sem bilana sem stafa af flutningi á lélegu vegakerfi, rangri meðferð eða misnotkun, slægu viðhaldi, slysi, óhöppum eða náttúruhamförum.

Ábyrgðin nær ekki til óbeins tjóns sem vagninn kann að valda þriðja aðila vegna mögulegra framleiðslugalla á vagna og er kaupanda bent á að tryggja sig gegn slíku hjá tryggingafélögum (Kaskótrygging).

Ábyrgðin gildir ekki ef innréttingar losna vegna óhólegs hristings eða höggs. Hafa verður í huga að íslenskir vegir geta verið holóttir og hæðóttir sem valda hristingi og þar með eyðileggingu á innréttingum.



Tilkynna skal án tafar til Víkurverks ehf. ef um bilun eða galla sé að ræða sem ætla má að sé á ábyrgð framleiðanda. Ef upp kemur galli eða bilun sem rekja má til breytinga sem gerðar hafa verið á vagninum frá nýskráningu þá ógildir sú breyting ábyrgð framleiðanda.